

Interior High Finish 50

Flügger Interior eru vatnsleysanlegar vörur til lokameðhöndlunar á viði og málm innanhúss. Vörurnar eru einfaldar í notkun og ljá yfirborðinu fallega lakkáferð.

Vörulýsing

Akrýlenamel með þunnri, mjúkri áferð og góðri samfellu. Mælt með fyrir efnivið sem þarf að þola fagurfræðilega og miðlungs hagnýtar kröfur.



- Góð samfella
- Hart yfirborð
- Hálfgljáandi yfirborð

Merkingar



Name: RAL9010



Name: hvítt



Name: Ráhvít



Name: svart



Name: Base 1



Name: Base 3



Name: Base 4



Name: Ráhvít



Name: Hvít



Name: Svart



Notkunarmöguleikar

Fyrir hurðar, dyrakarma, þiljur, lista, sóplista, eldhússkáphurðir, glugga, ljósastæði, gluggakarma, húsgögn og ryðvarið járn og málm innanhúss.

Undirlag

Verður að vera hreint, þurrt, þétt og henta til yfirborðsmeðhöndlun.

Meðhöndlun

Efni sem loðir laust við og umframmálning eru fjarlægð með þússun og hreinsun.

Óhreinindi, bletti, fitu og smitandi efni skal fjarlægja með Fluren 37.

Vatnsleysanlega mislitun, nikótínbletti og sót skal þrifa af með Fluren 49 og meðhöndla með Iso Primer.

Hart, gljáandi undirlag er slípað matt og grunnmálað eftir þörfum með Fix Primer.

Sprungur, ójöfnur og göt þarf að spartla.

Nýjan eða óvarinn, strípaðan við skal grunnmála með Stop Primer.

Berið 1–2 umferðir á. Sumir litatónar krefjast fleiri umferða.

Notkun

Berið á með pensli, rúllu eða sprautu

Val á verkfærum ætti að ráðast af kröfum um endanlegt útlit

Notið „blautt á blautt“-aðferð við málunina og strjúkið penslinum ævinlega í sömu átt

Notið alltaf efni með sama lotunúmeri fyrir samliggjandi eða órofna yfirborðsflati

Endanleg útkoma getur verið lítillega mismunandi, eftir gerð og byggingu yfirborðsflata

Kuldi eða hiti getur haft áhrif á seigju efnisins

Hitastig efnis þegar því er sprautað á verður að vera minnst 12 °C

Rakauppsöfnun má ekki eiga sér stað á meðan efnið þornar/harðnar

Kuldi og aukinn loftraki lengir þornunartímann, herðingartímann og tímann sem líður milli umferða

Hærri lofthiti og lítill loftraki stytta þornunartímann og herðingartímann

Gerð ævinlega prufu til að kanna viðloðun og endanlegt útlit

Væntanleg útkoma

Hálfgljáandi, sterkt yfirborð.

Góð samloðun með lakk áferð.

Polir venjulega sótthreinsun og þrif með alhliða þvottaefni, mjúkum bursta, vatni og klút.

Sterkir og sérstaklega dökkir tónar eru viðkvæmari en ljósari litir þegar kemur að slitþoli.

Sterkir litir kunna að smita út frá sér.

Kemur ekki í veg fyrir skemmdir vegna kvistunar, vatnsleysanlegra litarefna, vatnsbletta og nikótínbletta.

Forðist álag á yfirborðið þar til málningin er fullkomlega þurr.

Umhverfisupplýsingar

Fjarlægið sem mesta málningu af verkfærunum og þrifið þau svo með vatni. Hellið ekki leifum af fljótandi málningu í niðurföll heldur farið með leifarnar á næstu endurvinnslustöð. Lágmarkið leifar og sorp eftir málun með því að reikna út nauðsynlegt magn áður en verkið hefst. Geymið umframmálningu með réttum hætti til að hægt sé að nota leifar síðar og lágmarka þannig umhverfisáhrif.

Geymsla: Geymist vel lokað á svölum og frostlausum stað

Tæknilegar upplýsingar

Vara	Akrýllakk
Gljái	50;Hálf-gljáa
Eðlisþyngd (kg/l)	1.25
Þurrefnisinnihald vigt %	51
Þurrefnisinnihald rúmmál %	40
Efnisnotkun (m ² /ltr.)	9
Lágm. vinnuhitastig við notkun og þornun/hörðun	Min. +10°C
Loftraki	Hám. loftraki 80% RH.
Þurrktími við 20°C, 60% RH (Timar)	1
Fullharðnað Þurrktími við 20°C, 60% RF	6
Fullharðnað Þurrktími við 20°C, 60% RF	28
Heildarlosun samkv. ISO 16000-9:2011: (< μg/m ² h eftir 28 daga)	10
Þvottheldni í samræmi við EN-13300/ISO-11998	Class 1
Þynning	Með vatni. Ekki skal þynna efnið við sprautun.
Þrif á verkfærum o.s.frv.	Vatn

Núverandi TDS útgáfa

desember 2021

Í staðinn fyrir TDS útgáfu

maí 2021